

## Tilgangur

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

## Afurð

**Verðbréfaleið, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins S-deild (Séreign LSR),** (Kt. 421198-2259)

Engjateigur 11, 105 Reykjavík. S. 510-6100. Netfang [lsr@lsr.is](mailto:lsr@lsr.is). [www.lsr.is](http://www.lsr.is)

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Skjal þetta er útgefið 27. janúar 2026.

**Þú ert að kaupa afurð sem er flókin og erfitt gæti verið að skilja**

## Hvers konar afurð er þetta?

### Tegund

Um lífeyrissparnað er að ræða í samræmi við II. kafla laga nr. 129/1997, séreignarsjóð sem ber heitið Séreign LSR, Verðbréfaleið. Heimilt að greiða allt að 4% af heildarlaunum sem iðgjald í séreignarsjóð til viðbótar við lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð. Sjóðfélagar í séreignarsjóði eiga þá jafnan kost á mótframlagi frá launagreiðanda sem getur numið allt að 2% til viðbótar.

### Markmið

Verðbréfaleið leggur áherslu á bæði hlutabréf og skuldabréf, þar sem vægi hlutabréfa er lítillega þyngra. Verðbréfaleið fjárfestir í seljanlegum eignaflokkum og þá einna helst í markaðsverðbréfum, verðbréfasjóðum (UCITS) og öðrum sjóðum með ríkar innlausnarheimildir. Jafnframt er þess gætt að nægilegt laust fé sé til ráðstöfunar til að bregðast við flutningum sjóðfélaga á milli fjárfestingaleiða, flutningum til annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar og öðru óvæntu útstreymi.

Leitast er við að hafa áhættudreifingu í eignasafninu sem mesta, með hagkvæmasta samvali verðbréfa og með hliðsjón af landsvæðum, atvinnugreinum, útgefendum og gjaldmiðlum með virkri eignastýringu. Jafnframt er tekið tillit til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttar við mat á fjárhagslegri áhættu fjárfestingakosta í samræmi við stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.

## Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Aðild að Séreign LSR, Verðbréfaleið hafa þeir sem greiða eða hafa einhvern tímann greitt iðgjald til einhverra af sjóðum LSR. Hið sama gildir um félagsmenn aðildarfélaga BSRB, BHM, KÍ og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Verðbréfaleið hentar bæði þeim sem eru að hefja störf á vinnumarkaði og þeim sem eiga nokkur ár til starfsloka og hafa því tímann fyrir sig til að jafna út þær sveiflur sem kunna að verða á ávöxtun.

## Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

### Áhættuvísir



Áhættuvísirinn gengur út frá því að þú haldir afurðinni í 7 ár. Raunveruleg áhætta getur verið afar mismunandi ef innleyst er snemma og þá má búast við að fá minna til baka.

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að LSR mun ekki geta greitt þér. Þessi afurð hefur verið flokkuð sem 3 af 7 þ.e.a.s. meðallágur áhættuflokkur.

Þessi afurð felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins svo að þú gætir tapað allri fjárfestingu þinni. Ef Séreign LSR, Verðbréfaleið, getur ekki greitt þér það sem LSR skuldar gætirðu tapað allri fjárfestingu þinni. Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki tryggt.

Árangurssviðsmyndir

Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar, sem gæti einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka. Hvað þú munt fá fyrir þessa afurð er háð framtíðar markaðsframmistöðu. Markaðspróun í framtíðinni er óviss og ekki hægt að spá fyrir um af nákvæmni. Óhagstæðu, hóflegu og hagstæðu sviðsmyndirnar sem eru sýndar eru framsetning á versta, meðaltals og besta árangri af afurðinni síðustu 12 ár. Markaðir gætu átt eftir að þróast með allt öðrum hætti í framtíðinni. Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður.

| Ráðlagður fjárfestingartími:     |                                                           | 7 ár             |                                  |
|----------------------------------|-----------------------------------------------------------|------------------|----------------------------------|
| Dæmi um fjárfestingu:            |                                                           | 100.000 kr á ári |                                  |
|                                  |                                                           | 1 ár             | 7 ár (ráðlag. fjárfestingartími) |
| Sviðsmyndir                      |                                                           |                  |                                  |
| Álagssviðsmynd                   | Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar | 77.106 kr        | 554.383 kr                       |
|                                  | Meðalávöxtun á hverju ári                                 | -22,9%           | -5,8%                            |
| Óhagstæð sviðsmynd (1,2)         | Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar | 89.958 kr        | 891.050 kr                       |
|                                  | Meðalávöxtun á hverju ári                                 | -10,0%           | 6,0%                             |
| Hófleg sviðsmynd (3,4)           | Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar | 108.048 kr       | 981.390 kr                       |
|                                  | Meðalávöxtun á hverju ári                                 | 8,0%             | 8,5%                             |
| Hagstæð sviðsmynd (5,6)          | Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar | 120.564 kr       | 1.126.828 kr                     |
|                                  | Meðalávöxtun á hverju ári                                 | 20,6%            | 11,9%                            |
| Fjárhæð fjárfest til lengri tíma |                                                           | 100.000 kr       | 700.000 kr                       |

- Óhagstæð sviðsmynd, 1 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu janúar 2022 til janúar 2023.
- Óhagstæð sviðsmynd, 7 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu júlí 2007 til júlí 2014.
- Hófleg sviðsmynd, 1 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu nóvember 2017 til nóvember 2018.
- Hófleg sviðsmynd, 7 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu október 2010 til október 2017.
- Hagstæð sviðsmynd, 1 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu apríl 2020 til apríl 2021.
- Hagstæð sviðsmynd, 7 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu mars 2009 til mars 2016.

Hvað gerist ef Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins S-deild, Verðbréfareið, getur ekki greitt út?

Þú getur orðið fyrir fjárhagstjóni ef Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins S-deild, Verðbréfareið, getur ekki greitt út séreignarsparnaðinn í heild eða hluta til þín. Þar sem stór hluti eignasafns Verðbréfareiðar er bundinn í verðbréfum myndi slíkt fjárhagstjón almennt ekki falla undir tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta skv. lögum nr. 98/1999.

Hver er kostnaðurinn?

Lækkun á ávöxtun (RYI) sýnir hvaða áhrif heildarkostnaður sem þú greiðir muni hafa á ávöxtun sem þú kannt að fá af fjárfestingunni. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar. Fjárhæðirnar sem eru sýndar hér eru uppsafnaður kostnaður afurðarinnar sjálftrar fyrir tvö mismunandi fjárfestingartímabil. Í þeim felast hugsanleg viðurlög vegna snemmbærrar útgöngu. Tölurnar gera ráð fyrir að þú fjárfestir fyrir 100.000 kr. á ári. Tölurnar eru áætlaðar og þær geta breyst í framtíðinni.

- Enginn upphafskostnaður eða hlutfall af iðgjöldum fer í kostnað
- Enginn kostnaður er af flutningi á milli fjárfestingarleiða
- Engin sölulaun
- Enginn dreifingarkostnaður
- Fjárfestingagjöld og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er dreginn frá gengi sjóðsins mánaðarlega svo engin aukagjöld falla á afurðina. Sjá nánar um þessa kostnaðarliði í skýringum ársreiknings Séreignar LSR á [www.lsr.is](http://www.lsr.is).

Kostnaður yfir tíma

Töflurnar sýna fjárhæðirnar sem teknar eru af fjárfestingu þinni til að standa straum af mismunandi tegundum kostnaðar. Þessar fjárhæðir eru háðar því hversu mikið þú fjárfestir, hve lengi þú átt afurðina og hvernig afurðin stendur sig. Fjárhæðirnar sýndar hér eru framsetningar sem byggja á dæmum um fjárfestingarfjárhæð og mismunandi möguleg fjárfestingartímabil.

Gengið er út frá:

- Á fyrsta ári munir þú fá til baka fjárhæðina sem þú fjárfestir (0% ársávöxtun). Fyrir önnur fjárfestingartímabil er gengið út frá árangri af afurðinni eins og sýnt er í hóflegu sviðsmyndinni.
- Fjárfest er fyrir 100.000 kr. á ári

|                        | Ef þú selur eftir |           |
|------------------------|-------------------|-----------|
|                        | 1 ár              | 7 ár      |
| Heildarkostnaður       | 517 kr            | 20.411 kr |
| Árleg áhrif kostnaðar* | 0,52%             | 0,52%     |

\* Þetta sýnir hvernig kostnaður dregur úr ávöxtun þinni á hverju ári yfir fjárfestingartímabilið. Til dæmis er sýnt að ef þú gengur út við lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins er meðalávöxtun þín á ári áætluð vera 9,0% fyrir kostnað og 8,5% eftir kostnað.

Samsetning kostnaðar

| Stakur kostnaður við inn- eða útgöngu       |                                                                                                                                                                                                                                             | Árleg áhrif kostnaðar ef þú selur eftir 7 ár |
|---------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------|
| Inngöngukostnaður                           | Við innheimtum ekki inngöngugjöld                                                                                                                                                                                                           | 0%                                           |
| Útgöngukostnaður                            | Við innheimtum ekki útgöngugjöld                                                                                                                                                                                                            | 0%                                           |
| Viðvarandi kostnaður sannreynður hvert ár   |                                                                                                                                                                                                                                             |                                              |
| Stjórnunargjöld og annar rekstrar kostnaður | Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínu. 0,51% af virði fjárfestingar þinna á ári. Þetta er áætlun sem byggir á raunkostnaði á sl. 3 árum                                                               | 0,51%                                        |
| Viðskiptakostnaður                          | 0,00% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun um kostnaðinn sem stofnað er til þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina. Raunfjárhæðin er breytileg eftir því hversu mikið við kaupum og seljum. | 0,00%                                        |
| Aukakostnaður við sérstök skilyrði          |                                                                                                                                                                                                                                             |                                              |
| Árangursgjöld                               | Ekkert árangursgjald er fyrir þessa afurð                                                                                                                                                                                                   | 0%                                           |

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími: 7 ár (a.m.k.)

Ráðlagður fjárfestingartími miðast við að jafna út þær sveiflur í ávöxtun sem geta orðið á fjárfestingartímanum og því ráðlagt að halda fjárfestingunni í að minnsta kosti 7 ár. Þar sem um séreignarsjóð er að ræða getur almennur fjárfestir haldið afurðinni eins lengi og hann óskar.

Verðbréfaleið hentar bæði þeim sem eru að hefja störf á vinnumarkaði og þeim sem eiga nokkur ár til starfsloka og hafa því tímann fyrir sér til að jafna út þær sveiflur sem geta orðið á ávöxtun. Við val á fjárfestingarleið er því meðal annars ráðlagt að huga að því hve langt er í útgreiðslu, hver eignastaða almenns fjárfestis er og hvert viðhorf sé til áhættu.

- Réttur til útborgunar er við 60 ára aldur og er þá heildarinnæign laus til útborgunar. Útborgun getur þó aldrei hafist fyrr en tveimur árum eftir að fyrsta greiðsla barst sjóðnum.
- Sjá nánar um aðrar ástæður útborgunar, vegna örorku, andláts eða annarra ástæðna, á [www.lsr.is](http://www.lsr.is)
- Samningi um greiðslur iðgjalds til séreignardeildar er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara.
- Tekjuskattur er dreginn af við útborgun

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun í gegnum síma 510-6100, í afgreiðslu sjóðsins að Engjateigi 11, 105 Reykjavík eða á netfangið [lsr@lsr.is](mailto:lsr@lsr.is). Sjá nánari upplýsingar m.a. um þjónustu- og opnunartíma á [www.lsr.is](http://www.lsr.is).

Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Frekari upplýsingar um Séreign LSR, Verðbréfaleið, má finna á [www.lsr.is](http://www.lsr.is). Þar má m.a. finna fjárfestingastefnu sjóðsins, mánaðarleg upplýsingaryfirlit sjóðsins, ársreikning og reiknivél Séreignar LSR.

# Upplýsingagjöf vegna áhættu tengdri sjálfbærni

## Hvernig er áhætta tengd sjálfbærni felld inn í fjárfestingarákvarðanir?

Reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 („SFDR reglugerðin“ eða „SFDR“) hefur verið innleidd í íslenskan rétt, með lögum um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. SFDR reglugerðinni er ætlað er að tryggja samræmdar upplýsingar um hvernig aðilar á fjármálamarkaði meta áhættu tengda sjálfbærni og hvernig taka eigi tillit til helstu neikvæðra áhrifa sjálfbærniþátta við fjárfestingaákvarðanir. SFDR reglugerðin skilgreinir áhættu tengda sjálfbærni sem atvik eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnhátta (UFS), sem gæti, ef upp kemur, haft veruleg, neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar. Markmið reglugerðarinnar er að auka gagnsæi fyrir fjárfesta og draga úr ósamræmi í upplýsingagjöf.

Samkvæmt 6. grein SFDR skulu aðilar á fjármálamarkaði upplýsa fjárfesta hvernig áhætta er felld inn í fjárfestingarákvarðanir áður en samningur um séreignarsparnað er gerður.

[Hér](#) má finna yfirlýsingar LSR sem tengjast SFDR um hvernig áhætta tengd sjálfbærni er samþætt inn í ákvarðanatökuferli fjárfestinga hjá sjóðnum sem og yfirlýsingu vegna neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti (e. PAI).